

fengið greitt upp í þessa fjárhæð kr. 4820.00. Mismunurinn nemur fjárhæð þeirri, sem stefnandi krefst undir þessum lið.

Þegar virt eru öll málsatvik, þykir tjón stefnandi samkvæmt þessum lið hæfilega áætlað kl. 42.000.00.

Um 2. Að athugaðri sjúkrasögu stefnandi í sambandi við umrætt slys, er rakin hefur verið hér að framan, svo og aðrar aðstöður, er máli skipta, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 6500.00.

Um 3. Fjárhæðinni undir þessum lið hefur ekki verið andmælt, og verður því við hana miðað.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón stefnandi vegna margnefnds slyss kr. 42.000.00 + kr. 6500.00 + kr. 430.00 = kr. 48.930.00. Svo sem áður er sagt, ber stefndi ábyrgð á tjóninu að  $\frac{2}{3}$  hlutum. Ber því að dæma hann til að greiða stefnandi kr. 32.620.00 með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 3400.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Ísbjörninn h/f, greiði stefnandi, Sæmundu Fjeldsted, kr. 32.620.00 með 6% ársvöxtum frá 3. maí 1952 til greiðsludags og kr. 3400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1955.

Nr. 12/1955. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

**Sigurbjarna Guðnasyni** (Sigurður E. Ólason).

#### Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinnson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Líkamsárás.

#### Dómur Hæstaréttar.

Þegar ákærði hitti þá Sigurð Pétur Þorleifsson og Skarphéðin Frímansson í Bankastræti aðfaranótt 21. desember 1951, voru þeir allir ölvaðir. Engir aðrir en þeir sjálfir eru til frásagnar um, með hverjum hætti ryskingar þeirra hóf-

ust, og kveðst þó Skarphéðinn ekkert um það muna vegna ölvunarástands síns. Hefur þeirri frásögn ákærða ekki verið hnekkt, að þeir Sigurður og Skarphéðinn hafi að fyrra bragði veitst að honum með ertingum.

Ákærði hefur játað, að hann hafi slegið til Sigurðar, fellt hann í götuna og haldið honum þar niðri. Er engum vafa bundið, að áverkar þeir, sem á Sigurði voru eftir viðureignina og lýst er í héraðsdómi, hafa stafað beint eða óbeinlínis af höggum, sem ákærði hefur veitt honum í þetta skipti.

Brot ákærða eru í héraðsdómi rétt færð til refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 35 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnaðar í héraði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Lagðar hafa verið fram í málinu lögregluskýrslur frá lögreglumönnum þeim, sem fóru á vettvang og handtóku þá ákærða og Sigurð, en ekki hefur, svo að séð verði, verið tekin skýrsla fyrir dómi af neinum þessara lögreglumanna, og verður að átélja það.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjarni Guðnason, sæti varðhaldi 35 daga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. nóvember 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 25. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Guðjohnsen, fulltrúa sakadómarara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5652/1954: Ákærvaldið gegn Sigurbjarna Guðnasyni, sem til dóms var tekið 26. f. m.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Sigurbjarna Guðnasyni renni-smið, nú til heimilis að Nýlendugötu 21, hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 30. júlí 1954, en þar er hann ákærður fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 21. desember 1953 verið áberandi ölvaður í Bankastræti hér í bæ, ráðizt þar á Sigurð Pétur Þorleifsson, bifreiðarstjóra, Mánagötu 21, og barið hann með þeim afleiðingum, að Sigurður Pétur nefbrotnaði, kinnbeinsbrotnaði, missti tönn, auk þess sem hann fékk glóðarauga og fleiri áverka.

Teljast brot ákærða varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954, svo og við 3. gr. og 7. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 22. júlí 1931. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- |            |   |
|------------|---|
| 1939 14/2  | Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.           |
| 1940 24/11 | Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.           |
| 1952 30/11 | Rv. Sátt. 75 kr. sekt fyrir brot á 17. og 18. gr. áfengislaga.  |
| 1953 24/6  | Rv. Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á 17. og 18. gr. áfengislaga. |
| 1953 7/7   | Rv. Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 17. og 18. gr. áfengislaga. |
| 1953 9/7   | Rv. Kærður fyrir árás. Fellt niður.                             |

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Aðfaranótt mánudagsins 21. desember 1953, kl. 0325, var tilkynnt á lögreglustöðina, að slagsmál ættu sér stað í Bankastræti. Lögreglumenn voru strax sendir á vettvang, og er þeir komu að, var þar að ljúka slagsmálum tveggja manna, sem þeir handtóku báða og fluttu á lögreglustöðina. Annar þeirra, sem reyndist heita Sigurður Pétur Þorleifsson, Mánagötu 21, hér í bæ, var mjög illa útleikinn, alblóðugur í framan, og er hann hafði verið fluttur á læknavarðstofuna, kom í ljós, að hann var meðal annars nefbrotinn, auk annarra meiðsla í andliti. Í lögregluskýrslunni segir, að Sigurður hafi virzt áberandi ölvaður, þótt ekki væri beint hægt að segja svo um það, því að hann var vankaður eftir þung höfuðhögg.

Sá, sem verið hafði í slagsmálum við Sigurð, reyndist vera Sigurbjarni Guðnason, ákærði í máli þessu, og var hann áberandi ölvaður. Hann var settur í fangageymslu lögreglunnar og geymdur til morguns.

Sigurður Þorleifsson hefur skýrt svo frá, að umrædda aðfaranótt 21. desember 1953 hafi hann verið staddur efst í Bankastræti ásamt kunningja sínum Skarphéðni Frimannssyni. Hann var mjög ölvaður, og einnig kveðst Sigurður hafa verið talsvert ölvaður og kveðst lítt muna, hvað gerðist næst. Hann man þó, að hann lenti

í ryskingum við einhvern, en með hvaða hætti þær hófust, man hann ekki. Sigurður kveðst þó muna, að hann féll í götuna, andstæðingurinn ofan á hann, og segir Sigurður, að hinn hafi svo slegið sig hnefahögg mikið í andlitið, þarna sem hann lá í götunni. Eftir þetta kveðst Sigurður ekkert muna um stund, en rámar síðan í það, að lögreglumennirnir voru að koma á vettvang, en þá virtist honum sem andstæðingur sinn vildi hafa sig á brott, en þá kveðst Sigurður hafa náð niðri á fötum hans, og reynt að halda honum. Sigurður kveður sér þá hafa verið orðið ljóst, að sér hefði verið veittur mikill áverki, því blóð streymdi úr andliti hans. Ekki kveðst Sigurður kannast neitt við mann þann, er hann lenti þarna í slagsmálum við. Sigurður kveðst hafa verið rúmliggjandi til 13. janúar vegna afleiðinga meiðsla þeirra, er hann þarna hlaut, og hóf ekki vinnu aftur fyrr en 22. janúar, sbr. vottorð vinnuveitanda hans, Strætisvagna Reykjavíkur.

Er Sigurði er kynntur framburður ákærða í máli þessu, tekur hann skýrt fram, að útilokað sé, að hann hafi hlotið meiðsli sín við að slá höfðinu við gangstéttarbrún, eins og ákærði vill vera láta. Máli sínu til sönnunar segir Sigurður, að hann hafi fengið stórt glóðarauga, og vísar um sönnun á því til læknisvottorðs, en holdið í kringum augað hafi verið algerlega óhrufað. Hann álitur, að hann hafi verið liggjandi, er hann fékk aðalhöggið, og markar það af kúlu á hnakka. Hann kveðst alls ekki muna til þess, að hann hafi myndað sig til að slá ákærða. Sigurður kveðst hafa verið mjög þungt haldinn, enda verið bæði nef- og kinnbeinsbrotinn, auk glóð-araugans og einnig mars á hinu auganu. Sigurður fullyrðir, að hann hafi ekki átt upptök þessara slagsmála, enda þótt hann ekki treysti sér til að skýra frá upphafi þeirra lið fyrir lið. Læknisvottorð þau, er Sigurður lagði fram, eru þessi:

1. Vottorð frá Birni Gunnlaugssyni lækni hljóðar svo:

„Þann 20. des. 1953 skoðaði ég að Mánagötu 21, Rv., hr. Sigurð Þorleifsson vegna áverka í andliti. Var hann allmikið marinn á h. vanga, með stórt glóðarauga h. m., og var augað sokkið. Opín sár voru engin.“

2. Vottorð Stefáns Ólafssonar lækni hljóðar svo:

„Nóttina 22. desember s.l., að mig minnir, var ég undirritaður sóttur á heimili Sigurðar Þorleifssonar, Mánagötu 21 í Reykjavík. Sigurður var þá með mjög miklar blóðnasir, sem illa gekk að stöðva. Mér tókst þó þetta eftir nokkurn tíma, en réð honum að fara til myndatöku í Röntgendeild Landsspítalans daginn eftir. Meðfylgjandi röntgenmyndir og vottorð Röntgendeildar spítalans sýnir, hvaða áverka hann hefur hlotið.“

Nóttina 27. desember var ég enn sóttur til Sigurðar Þorleifssonar á heimili hans. Hafði hann þá fengið mjög miklar blóðnasir að nýju, sem mér tókst þó að stöðva. Síðan stundaði ég Sigurð, og man ég

ekki betur en ég hafi gefið Tryggingastofnun ríkisins vottorð um heilsufar hans og læknishjálp þá, er ég lét honum í té.“

3. Diagnostik Röntgendeildar Landspítalans hljóðar svo:

„Os nasale h. megin er sprungið og virðist lítið eitt lagt inn á við, og á profilmýndinni einnig dislocerað aftur á við. Alskyggður h. sinus maxillaris, vafalaust af hæmatomi, og margo infraorbitalis er brotin lateralt.

R. diagn.: Fractura nasi et fractura max. dx. Hæmatoma sinus“.

Vottorð um vinnutap Sigurðar Þorleifssonar hljóðar svo:  
„Strætisvagnar Reykjavíkur.  
Reykjavík, 30. apríl 1954.

Hér með viðurkennist, að Sigurður Þorleifsson, vagnstj., Mána-  
götu 21, var frá störfum frá 22/12 1953—22/1 1954.

Kaupþap í des. nam kr. 1633.22

do. í jan. do. — 2547.07

---

Samtals kr. 4180.29

Strætisvagnar Reykjavíkur

Skúli Halldórsson.“

Skaðabótakrafa Sigurðar Þorleifssonar hljóðar svo:

„Vinnutjón, sbr. dskj. nr. 7 . . . . . kr. 4180.29

Bætur samkv. 264. gr. alm. hgl. . . — 6000.00

---

Samtals kr. 10180.29

að viðbættum innheimtulaunum samkvæmt taxta L.M.F.Í. af til-  
dæmdri upphæð.“

Ragnar Jónsson hrl. gerði f. h. Sigurðar ofangreindar kröfur.

Ekki tókst að ná til neinna vitna, sem fylgzt höfðu með slagsmál-  
unum frá byrjun. Fyrir dómi mætti sem vitni áðurgreindur Skarp-  
héðinn Frímansson verkamaður, til heimilis Skála 3 við Mímis-  
veg. Vitnið kannaðist við Sigurð Þorleifsson og segir, að sunnudags-  
kvöldið 20. desember 1953 hafi hann tekið að neyta áfengis, en eftir  
að hann komst í ölvunarástandið, kveðst vitnið ekkert að marki  
muna af því, sem gerðist þessa nótt. Hann segir það vel mega vera,  
að hann hafi verið nærstaddur, er umrædd slagsmál fóru fram, en  
ekki muni hann neitt eftir því. Hann vissi, að hann var úti að rangla  
þessa nótt, og man ekki annað en það, að seint um nóttina fékk  
hann einhverja lögreglumenn til að aka sér heim. Vitnið kveðst  
hafa fyrir 6 árum lent í miklu umferðarslysi og slasast á höfði, og  
eftir það muni hann ekkert sem gerist, er hann er ölvaður.

Um önnur vitni var ekki að ræða nema lögreglumennina, sem  
komu að, er slagsmálin voru að enda. Vitnið Óskar Friðbjörnsson  
lögreglumaður segir, að er þeir lögregluþjónarnir komu að í lög-  
reglubifreið, hafi Sigurður og ákærði verið báðir uppstandandi,  
höfðu einhver tók hver á öðrum, tókust á, en ekki sá vitnið þá veita  
högg. Vitnið sá, að Sigurður var þá orðinn mjög blóðugur um and-

litnið og fót hans öll löðrandi í blóði. Vitnið segir, að um það bil, er þeir voru að stöðva bifreiðina, þá hafi sér virzt eins og Sigurður væri að rífa sig lausan frá ákærða, og við það hafi Sigurður fallið, en komið einhvern veginn fyrir sig höndum, og álitur vitnið, að hann hafi ekki hlotið neinn áverka við það fall. Vitnið segir, að Sigurður hafi sjáanlega verið mikið slasaður, og fóru þeir með hann strax til aðgerðar á slysavarðstofuna. Vitnið sá Skarphéðin Frímansson nærstaddan, en ekki sá vitnið hann taka neinn þátt í slagsmálunum. Hann segir vitnið hafa komið á lögreglustöðina af sjálfsdáðum litlu síðar, hann hafi verið mjög ölvaður og verið fluttur heim til sín.

Ekki hefur tekizt að fá upplýsingar um, hver það var, sem tilkynnti slagsmálin til lögreglunnar. Í útdrætti úr dagbók lögreglunnar segir, að sá, sem dagbókina hélt, hafi álitnið, að það hafi verið bílstjóri, en tók ekki niður nafn hans, og er því ekkert um hann vitað.

Framburður hins lögreglumannsins, er kom að slagsmálunum, er mjög svo samhljóða framburði Óskars Friðbjarnarsonar. Þórður Benediktsson lögreglumaður segist hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar og því ekki haft aðstöðu til að fylgjast með neinu, fyrr en hann kom út úr bifreiðinni, en segir, að þá hafi slagsmálin verið um garð gengin. Vitnið Þórður segir, að sér hafi fundizt Sigurður meira ölvaður en ákærði.

Ákærði skýrir svo frá, að umrædda nótt hafi hann verið á gangi upp Bankastræti. Hann kveðst þá hafa mætt tveimur mönnum, en annar þeirra hafi þá gengið í veg fyrir sig og varnað sér að komast áfram og tekið í öxl sér. Ákærði segir, að báðir hafi mennirnir verið áberandi ölvaðir. Ákærði kveðst þá hafa tekið utan um hann og lagt hann í götuna, en áður reynt að víkja honum til hliðar til að komast leiðar sinnar, en hinn þá streitst á móti og þrúfaldlega gengið í veg fyrir sig. Ákærði kveðst ekkert kannast við þenna mann, en þann, sem með honum var, Sigurð Þorleifsson, kveðst ákærði kannast við í sjón. Ákærði segir, að Sigurður hafi nú gengið að sér, tekið í öxl sér, sagt sér að láta manninn vera og eftir það myndað sig til að slá til ákærða. Ákærði kveðst nú hafa snúið sér að Sigurði, lent í ryskingum við hann og þeir slegið hvor til annars, en ekki kveðst ákærði minnst þess að hafa slegið Sigurð í andlitnið. Að endingu kveðst svo ákærði hafa tekið utan um Sigurð, lagt hann í götuna, og lent ofan á honum alveg við gangstéttarbrúnina. Hann kveðst hafa haldið Sigurði niðri þannig um stund, en hann þá orðið mjög æstur, brotizt mjög mikið um, og segir ákærði, að Sigurður hafi þá slegið höfðinu hvað eftir annað við gangstéttarbrúnina. Ákærði segir, að Sigurður hafi brotizt um á hæl og hnakka og reynt að losna úr tókum ákærða, en ákærði kveðst ekki hafa viljað sleppa honum, sakir þess hve æstur hann var orðinn, heldur haldið honum þarna niðri í götunni þar til um það bil, er lögreglan kom á staðinn. Ákærði kveðst hafa séð, er þeir voru staðnir upp, að Sigurður var

mjög blóðugur í andliti, en ítrekar það álit sitt, að hann hafi hlotið áverkana við að slá höfðinu við gangstéttarbrúnina. Ekki kveðst ákærði hafa orðið fyrir neinum skakkaföllum í slag þessum, nema að Sigurður hafi rifið niður úr boðung á jakka ákærða. Ákærða var haldið í fangageymslu lögreglunnar, það er eftir lifði nætur. Ákærði kveðst ekki muna til þess að hafa slegið Sigurð, eftir að þeir voru fallnir í götuna. Um beinbrot Sigurðar og önnur meiðsli kveðst ákærði ekki geta gefið aðrar skýringar en að framan getur.

Þegar virtir eru framburðir og annað framkomið í máli þessu, lítur dómurinn svo á, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi veitt Sigurði Þorleifssyni þá áverka, sem hann hlaut í viðureign þeirra, þrátt fyrir neitun ákærða. Þessari niðurstöðu til stuðnings má einkum telja það, að þrátt fyrir hina miklu áverka, sem Sigurður hlaut, sýna læknisvottorð, að hold á andliti hans er óhrufað og engir ytri áverkar sjáanlegir, þannig að útilokað verður að telja, að hann hafi hlotið áverkana við að berja höfðinu við götusteina.

Samkvæmt framangreindu hefur því ákærði gerzt sekur við ákvæði þau, er greinir í ákæruskjali, 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og með því að vera áberandi ölvaður með slagsmál á almannaferi við 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 44. gr. sömu laga, svo og 3. og 7. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu framkominnar skaðabótakröfu, enda ekkert fram komið, sem geri hana varhugaverða eða of háa. Ákærði er því dæmdur til að greiða Sigurði Pétri Þorleifssyni kr. 10.180.29. Ekki þykir hins vegar bera að dæma innheimtulaun af tildæmdri upphæð, þar eð krafan er höfð uppi í opinberu máli.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 750.00 til hvors.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt lítillaga vegna embættisanna dómaramans.

#### Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjarni Guðnason, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Sigurði Pétri Þorleifssyni kr. 10.180.29 í skaðabætur.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 750.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.